

ÞEGAR RÓSA VAR RAGNAR

Louise Windfeldt & Katrine Clante



FÉLAGS- OG
TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Jafnréttisstofa



Pegar Rósa var Ragnar / Pegar Friðrik var Fríða

Höfundur: © Louise Windfeldt
Myndskreyting og bókarkápa: © Katrine Clante
Grafísk hönnun: Michala C. Bendixen
Íslensk þýðing: Þórlaug Baldvinsdóttir leikskólakennari
í Lundarseli ásamt samkennurum

1. útgáfa, 1. upplag, maí 2009

ISBN 978-9979-9793-3-3

Prentvinnsla: Oddi ehf

Prentað á Íslandi 2009

Bókin ef gefin út af Jafnréttisstofu og
Félags- og tryggingamálaráðuneytinu
með stuðningi Þróunarsjóðs námsgagna

Bókin heitir á frummálinu *Den dag da Rikke var Rasmus og Den dag da Frederik var Frida*
og var upphaflega gefin út árið 2008 af danska Jafnréttisráðherranum

Dönsku útgáfuna má nálgast á heimasíðu danska Jafnréttisráðuneytisins www.lige.dk

*Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun,
prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt,
að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefenda*

ÞEGAR RÓSA VAR RAGNAR



FÉLAGS- OG
TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Jafnréttisstofa

Bók þessi er gefin út í tengslum við þróunarverkefnið Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum

Þróunarverkefnið *Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum* miðar að því að auka og efla jafnréttisfræðslu í leikskólum og grunnskólum landsins. Að verkefninu standa Félags- og tryggingamálaráðuneytið, Jafnréttisstofa og fimm sveitarfélög: Reykjavíkurborg, Kópavogsbær, Hafnarfjarðarkaupstaður, Mosfellsbær og Akureyrarkaupstaður. Menntamálaráðuneytið styður verkefnið og leggur framkvæmd þess lið ásamt Jafnréttisráði og fjölmörgum styrktaraðilum.

Verkefnið er tvíþætt:

- **Heimasíða** sem á að vera aðgengilegur gagnabanki fyrir kennara, nemendur, námsráðgjafa, foreldra og alla þá sem vilja fræðast og fræða um jafnrétti í námi og starfi. Síðuna má finna á slóðinni www.jafnrettiiskolum.is
- **Tilraunaverkefni** á sviði jafnréttismála unnin í fimm leikskólum og fimm grunnskólum veturinn 2008 - 2009. Verkefnin eiga að geta nýst til jafnréttisfræðslu og / eða jafnréttisstarfs í skólum landsins.

Eftirtaldir skólar tóku þátt í verkefninu skólaárið 2008 - 2009.

- Akureyri Lundarsel og Lundarskóli
- Hafnarfjörður Hörðuvellir og Lækjarskóli
- Kópavogur Smárahvammur og Hörðuvallaskóli
- Mosfellsbær Reykjakot og Varmárskóli
- Reykjavík Múlaborg og Vogaskóli

Kennarar, nemendur og starfsfólk skólanna hefur unnið ómetanlegt og óeigingjarnt brautryðjendastarf hvað jafnréttisfræðslu í skólum varðar. Verkefnin þeirra og reynsla á eftir að nýtast öðrum skólum til góðra verka í jafnréttismálum. Þróunarverkefnið *Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum* færir þessum aðilum bestu þakkir. Án þeirra hefði verkefnið aldrei orðið að veruleika.

Formáli


Það er sannfæring okkar að beina þurfi sjónum í auknum mæli að börnum og ungmennum þegar unnið er að jafnréttismálum. Þrátt fyrir að hér á landi hafi lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla verið í gildi í rúm 30 ár þá er raunverulegu jafnrétti ekki náð. Til þess að svo geti orðið þurfum við hugarfarsbreytingu og henni náum við ekki nema með því að byrja á grunninum og fræða börnin okkar um jafnrétti. Þar gegnir skólinn mikilvægu hlutverki.

Í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla er kveðið á um að á öllum skólastigum skuli nemendur hljóta fræðslu um jafnréttismál þar sem meðal annars er lögð áhersla á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi. Kynbundið náms- og starfsval ýtir undir launamisrétti og lakari stöðu kvenna þar sem hefðbundin kvennastörf hafa löngum verið til færri fiska metin en hefðbundin störf karla. Þessu þurfum við að breyta. Hér skipta fyrirmyndirnar öllu máli og það sem við blasir í nánasta umhverfi okkar á barna- og unglingsárunum. Segja má að máltækið „það læra börnin sem fyrir þeim er haft“ eigi sérstaklega vel við þegar fjallað er um framþróun á sviði jafnréttismála.

Barnabókinni *Þegar Friðrik var Fríða / Þegar Rósa var Ragnar* sem heitir á frummálinu *Den dag da Frederik var Frida / Den dag da Rikke var Rasmus* er ætlað að skapa umræður með ungum börnum um kynhlutverk og jafnrétti. Með markvissri fræðslu og umræðu frá upphafi skólagöngu færur við ungu fólki tækifæri til að taka ákvarðanir varðandi framtíð sína á eigin forsendum, óháð staðalmyndum kynjanna og hefðbundnu starfsvali. Það mun nýtast þessum einstaklingum auk þess sem hæfileikar þeirra munu gagnast samfélaginu í heild.

Við hvetjum skólafólk, foreldra og aðra sem láta sig framtíð barnanna okkar varða til að leggja sitt af mörkum til að efla jafnréttistarf í skólunum landsins. Þannig getið þið stuðlað að jafnri stöðu stráka og stelpna og haft áhrif á framtíðarviðhorf til jafnréttismála hér á landi.


Forsætisráðherra


Félags- og tryggingamálaráðherra

„Góðan dag!“ kallar pabbi til Rósu.

Hún sefur vært í prinsessurúminu sínu í húsinu

í Strandgötunni, eða það heldur hún.

Það er reyndar ekki þannig í dag en það veit hún ekki ennþá.

„Góðan dag!“ kallar pabbi aftur dálítið hærra og þá gerist eitthvað.

Rósa snýr sér syfjulega við.

— Æi, það er eitthvað hart og beitt í rúminu,

hún stingur hendinni undir sængina til að gá hvað þetta er

– KAPPAKSTURSBÍLL! Hún hefur legið ofan á honum.

Fjölskylda Rósu veit allt um bíla

en sjálf hefur hún aldrei átt leikfangabíl.

Rósa situr enn með bílinn í höndunum þegar hún uppgötvar

að köngulóarmaðurinn er út um allt.

Á sængurverinu, á koddanum, á lakinu

og meira að segja á náttfötunum

– og Rósa sem er vön að sofa í náttkjól.

Og hvar er himnasængin hennar

með bleiku blómunum?





Á gólfinu stendur stór kassi með fullt af bílum og þar er líka bílabraut sem liggur allt í kringum rúmið. „Hvaðan kemur þetta eiginlega?“ hugsar Rósa.

Hún ætlar aðeins að prófa kappakstursbílinn, gá hvort hann getur ekið í bílabrautinni, þegar pabbi kallar úr eldhúsinu: „Morgunmatur – manstu, þú átt að fara í vettvangsferð með leikskólanum í dag.“








Rósa stekkur fram úr rúminu og flýtir sér í peysu og buxur.
Svo hleypur hún fram í eldhús.

Mamma, pabbi og Stefán eru þegar sest við eldhúsborðið.
Venjulega stendur pakki af Prinsessumorgunkorni við diskinn hennar
því það er uppáhalds morgunmaturinn hennar.
En í dag er þar pakki með mynd af skælbrosandi skærgrænu skrímsli.
Örugglega eitthvað úr bíómynd.

Það er þá svona skrímsli sem Alí og Einar
í leikskólanum eru vanir að leika með.
Hún fær sér korn og sér að innihaldið er það sama og venjulega.
Allt í einu dettur á diskinn hennar, lítið skærgrænt plastskrímsli.

— Oj bara, í Prinsessumorgunkorninu eru stytur úr
Öskubuskuævintýrinu og hún á fjórar stytur nú þegar.
Rósa andvarpar og stingur skrímslinu í vasann.

Pabbi og Rósa flýta sér í leikskólann.
Pabbi vill endilega að þau fari í kapphlaup á leiðinni
eins og hann er vanur að gera með Stefáni.
Það finnst Rósu skemmtilegur leikur.




Í leikskólanum eiga
strákahópur og stelpuhópur
að fara í vettvangsferð sitt í hvoru lagi.
Allir verða að finna töskurnar sínar og nestið.

Strákarnir eiga að fara á útivistarsvæði að klifra
og stelpurnar að skoða flotta skartgrip og konungsdjásn
á sýningu niðri í bæ. Rósu hefur alltaf dreymt um að eiga
kórónu, alveg eins og Öskubuska þegar hún dansaði við
prinsinn. „Vonandi verða kórónur á sýningunni,“
hugsar Rósa þar sem hún situr og bíður við hólfið sitt.

En Rósa á ekki að fara með á sýninguna í dag.
Áður en hún veit af er hún að fara með
strákunum á útivistarsvæðið.

Hana langar að hrópa og segja að þetta séu mistök
en þá kemur Albert og leiðir hana,
án þess að segja að hann fái á sig stelpulykt.
„Komdu við skulum sitja saman í rútunni Ragnar,“ segir hann.
„Já, og þá heitir þú Emma,“ segir Rósa
en Alberti finnst það ekkert fyndið.





Rósa er frekar rög við að klifra.
Venjulega hjálpar einhver fullorðinn henni
þegar hún klifrar í leikskólanum
og þar er heldur ekki hægt að klifra mjög hátt.

Á útivistasvæðinu eru klifurgrindur,
klifurveggur og slá til að hanga á.

„Komdu, nú skulum við fara yfir slána,“
segir Albert og ýtir við Rósu.
Hann sveiflar sér á slánni eins og api.

Rósa reynir líka og það gengur bara vel,
jafnvel þó að hún hafi aldrei gert þetta fyrr.
Hún er ekki lengi að sveifla sér eftir slánni
og kemst niður hinu megin. Sumir strákarnir
gefast upp þegar þeir eru bara komnir hálf leið.
„Flott hjá þér Ragnar,“ segir leikskólakennarinn,
hann heitir Eiríkur og veit greinilega
ekki heldur hvað hún heitir.

Rósa prófar að ýta varlega á handlegginn á sér.
Váá, er hún komin með stærri vöðva?

Þegar þau koma aftur í leikskólann vilja Albert og Alí
fara í fótbolta og biðja hina strákana að vera með.



„Komdu Ragnar!“ kallar Albert til Rósu
„þú getur verið í marki.“
Rósa er ekki sein að fara í markið,
því það hefur hún aldrei mátt fyrr.
Það getur nú ekki verið svo
erfitt að verja markið.

Marta vill líka vera með í fótbolta
en það fær hún ekki.

„Getur Marta ekki verið
markmaður í hinu liðinu?“
stingur Eiríkur upp á
en það finnst Alberti alla vega ekki.
„Maður hefur nú aldrei heyrt um
markmannsstelpu,“ segir hann.



„Úff! Þetta var nú erfitt,“
hugsar Rósa þegar leiknum er lokið.
„Nú klifra ég upp í hæsta tréð
svo ég geti verið í friði fyrir þessu stráka- og stelputali.“

En þá man hún eftir Leynistaðnum.
Það er rétti staðurinn til að fara á og hugsa málin.



Leynistaðurinn er felustaður sem er inni í illgresi og runnum sem vaxa á lóðamörkum tveggja leikskóla. Þeir fullorðnu vita ekkert um Leynistaðinn.

Og einmitt þennan skrítna þriðjudag hittast þar tvö börn frá sitt hvorum leikskólanum.

Þau þekkjast ekkert en það breytist brátt. „Halló!“ segir barnið sem heitir Friðrik, „hvað heitir þú?“



„Ég heiti Rósa en ég hef verið kölluð Ragnar í allan dag og ég er alveg að venjast því.“

„Ég skil alveg hvað þú meinar,“ segir Friðrik, „í dag hafa allir kallað mig Fríðu.“ Krakkarnir eru sammála um að þau vilji heldur heita nöfnum sem passa því að hittast á Leynistað á skrítnum þriðjudegi.

„Ef ég heiti Yksi þá getur þú verið Kaksi,“ stingur Friðrik upp á.

„Eigum við að leika að skipið okkar hafi sokkið og við séum á eyðieyju?“ spyr Friðrik sem núna heitir Yksi.

Það er heitt á eyjunni og þau fara úr úlpunum og gera sér lítið hús þar sem þau geta verið í friði fyrir slöngum, ljónum og risavöxnum köngulóm.



„Síðan verður þú veikur og ég bý til meðal handa þér“ segir Kaksi sem tínir nokkur ber af runnunum og blandar saman við sand og laufblöð. En Yksi frussar lyfinu út úr sér: „— Oj þetta er kekkjótt!“ „Meira segja þótt það sé gott við vampýrum, rauðum hundum og allskonar?“ segir Kaksi hnuggin.

Það er leiðinlegt að vera veikur til lengdar og allt í einu kemur ljón sem Yksi þarf að verjast. Hann nær í sverðið og á meðan hann er að berjast við ljónið kemur slanga skríðandi aftan að honum og ætlar að bíta hann.

Þá breytir Kaksi sér í ofur-Kaksa. Hún töfrar slönguna burtu, stráir breytingadufti á Yksi og þau fljúga burtu saman.

Þá segir Yksi: „Það er ég sem stjórna fluginu!“ „Nei það vil ég ekki,“ svarar Kaksi ákveðin. „Ég er með töfraduft og get flogið sjálf.“ Hárið á Kaksi fýkur fyrir augun á henni og Yksi dregur svarta hárbandið með rauða perlublóminu upp úr vasa sínum og gefur henni.

Allt í einu kemur dreki fljúgandi á móti þeim. Þegar þau mætast snýr drekin sér að þeim og ropar hátt.





„Oj! Hvað þessi dónalegi dreki er ömurlegur,“ segir Kaksi og grípur um halann á drekanum. Hún sveiflar honum í hringi þar til hann klessir á tré. Þegar drekinn liggur þarna fyrir neðan tréð er hann ekki stærri en járnsmiður.

„Mikið ertu sterk!“ hrópar Yksi.

„Það er af því að ég er með þennan hér,“ segir Kaksi og dregur skærgrænt skrímsli upp úr vasa sínum. „VÁÁ!

Hvar fékkstu það?“ spyr Yksi.

Kaksi útskýrir að skrímslið hafi komið úr morgunkornspakka og þá langar Yksi í einmitt þannig morgunkorn.

„Þú mátt eiga það,“ segir Kaksi og stingur skrímslinu í vasa Yksi.



„Nei, nei, sjáðu drullumallið?“ segir Yksi og setur báðar hendur á kaf í moldina.

„Mamma segir að svona sé gott fyrir húðina,“ segir hann og nuddar mold á bak við eyrað.

„Má ég taka Freyju og Mörtu með á Leynistaðinn á morgun, þær elska drullumall?“ spyr Kaksi.



„Já, þá kem ég með nokkrar kekkökur og Andra og Víking. Þá getum við leikið saman allan daginn.“

Yksi og Kaksi moka drullumalli í stígvélin sín,
það sullar svo skemmtilega í þeim þegar þau hlaupa
út úr Leynistaðnum hvort í sína áttina.



Þarna kemur mamma Friðriks
og kallar: „Sæll Friðrik“
og allt er orðið venjulegt aftur.
Friðrik stingur hendinni í úlpuvasann
og finnur skærgræna skrímslið
sem gefur drekakraft.

Hann hlakkar til að koma heim í
herbergið sitt og gá hvort furðulegu
leikföngin séu þar enn.

Pabbi Rósu sækir hana í dag,
hann spyr hana hvernig í ósköpunum
hún hafi getað orðið svona skítug.
En Rósa brosir íbygginn,
hún treystir sér ekki til að segja
honum alla söguna.

Á morgun ætlar hún aftur á
Leynistaðinn með hinum krökkunum
og Yksi, eða hvað hann nú heitir.

